



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 24. janúar 2024 um eftirfarandi mál:

Tillaga um áframhaldandi heimild til frávika frá reglum um íbúakort

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að framlengja tímabundna heimild til að víkja frá reglum um íbúakort sem var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 15. nóvember 2023 og borgarráði 16. nóvember 2023. Heimildin gildi til 30. apríl 2024.

Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins tekur heilshugar undir tillögu um framlengingu á heimildum um frávik á reglum um íbúakort til handa Grindvíkingum. Frá því að tillagan var samþykkt í nóvember á síðasta ári hafa verið gefin út 30 íbúakort til 23 heimila Grindvíkinga með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða í 20 íbúðum. Það er því augljós þörf fyrir þessi íbúakort fyrir Grindvíkinga. Framlengingin á að gilda til 30. apríl 2024. Fulltrúi Flokks fólksins hefði viljað sjá þessa framlengingu ná fram á mitt sumar í ljósi nýjustu viðburða í Grindavík.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða

Fylgiskjöl: Tillaga dags. 16. janúar 2024.



Reykjavík, 16. janúar 2024

USK23110144

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, Bílastæðasjóður

Tillaga um áframhaldandi heimild til frávika frá reglum um íbúakort

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að framlengja tímabundna heimild til að víkja frá reglum um íbúakort sem var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 15. nóvember 2023 og borgarráði 16. nóvember 2023.

Heimildin gildi til 30. apríl 2024.

Greinargerð:

Vegna áframhaldandi eldsumbrota á Reykjanesi er ljóst að ekki geti allir Grindvíkingar snúið aftur til heimila sinna á næstunni. Því er lagt til að sú heimild til frávika frá reglum um íbúakort sem var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 15. nóvember 2023 verði framlengd þar sem margir Grindvíkingar eru enn staðsettir í ýmsu tímabundnu húsnæði í Reykjavík.

Líkt og í upprunalegri tillögu er gert ráð fyrir að undanþágan nái til:

- kröfu um að að hafa lögheimili innan íbúakortasvæðis, staðfesting á tímabundinni búsetu dugir
- skilyrða um að að hámarki eitt íbúakort sé gefið út á hverja íbúð.
- skilyrða um að ekki sé gefið út íbúakort ef stæði er innan lóðar.
- gjaldskrár íbúakorta.

Frá því að tillagan var samþykkt í nóvember á síðasta ári hafa verið gefin út 30 íbúakort til 23 heimila Grindvíkinga með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða í 20 íbúðum.

Verði tillagan samþykkt er óskað eftir því að hún verði send áfram til borgarráðs.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

Hjálagt: Tillaga um tímabundna heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands dags. 13. nóvember 2023.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, Bílastæðasjóður

Tillaga um tímabundna heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita Bílastæðasjóði, tímabundið vegna ríkjandi neyðarástands, heimild til að víkja frá reglum um íbúakort dags. 19. mars 2021, með það að markmiði að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða borgarinnar geti fengið íbúakort án greiðslu.

Heimildin gildir frá samþykkt til 31. janúar 2024.

Greinargerð:

Ljóst er að neyðarástand ríkir. Íbúar Grindavíkur hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna hættu á eldgos. Margir íbúar Grindavíkur hafa þurft að flytja í tímabundin húsnæði þess vegna, sumir í sér húsnæði og aðrir inni á heimilum vina og ættingja, jafnvel vandalausra. Með þessari tillögu er lagt til að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða geti sótt um íbúakort.

Gert er ráð fyrir að undanþágan nái til:

- kröfu um að að hafa lögheimili innan íbúakortasvæðis, staðfesting á tímabundinni búsetu dugir
- skilyrða um að að hámarki eitt íbúakort sé gefið út á hverja íbúð.
- skilyrða um að ekki sé gefið út íbúakort ef stæði er innan lóðar.
- gjaldskrár íbúakorta.

Verklag verður unnið á grundvelli þessarar samþykktar til að tryggja samræmda meðhöndlun óska en gert er ráð fyrir að tekið verði á móti óskum í gegnum netfangið upplýsingar@reykjavik.is.

Lagt er til heimildin gildi frá samþykkt til og með 31. janúar 2024. Í janúar verður athugað hvort tilefni sé til að framlengja og/eða endurskoða heimildina.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Reykjavíkurborg